

# Áhrif fyrstu skógræktarlaganna

“Sú kemur tíð er sárin foldar gróa”

# Saga fyrir gildistöku laga

- Páll Briem, Stefán Stefánsson, Sigurður Sigurðsson
- Trjáræktarstöð á Akureyri vorið 1899
- Danskt frumkvæði í skógrækt – kapteinn Ryder, Prytz og Flensborg
- Skógræktartilraunir á Þingvöllum 1899
- Fyrirtækið Skógræktarmál Íslands
- Tvö lið í skógrækt

# Krafa um kerfisvæðingu

- Embætti skógfræðings
- Krafa um að Flensborg yrði ráðinn frá áramótum 1906 með 3000 kr. í laun
- Ráðning og kjör væntanlegra skógarvarða
- Hannes Hafstein: „Mönnum mætti ekki blæða í augum smávegis kostnaður, ef hægt væri með honum að varðveita það, sem enn er heilt, og græða nokkur þau sár, sem þegar eru komin fyrir vanrækslu og illa meðferð“
- Hafnað á þinginu 1906

# Lagasetning um skógrækt og sandgræðslu

- Boðsferð alþingismanna til Danmerkur 1906
- Heimsókn á Stendals-plantekru, sögustað skógræktar í Danmörku 26. júlí 1906
- Fyrirlestur prófessors Prytz: „Þar sem við stöndum nú var fyrir 150 árum hryggileg auðn.“ Tillaga hans var: „Með skógi skal land byggja“ og viðbótartillaga: „Þessi lög skulu gilda á Íslandi“
- Loforð um borð í Botníu á heimleið um stofnun skógræktarstjóraembættis

# Frumvarpið naumlega samþykkt

- Frumvarpið um skógrækt var samið af Ryder og Prytz að beiðni Hannesar Hafstein. Dahlerup samdi frumvarpið um varnir gegn uppblæstri lands
- Yfirmaður skógræktarinnar skyldi vera skógfræðingur með danskt próf, veitt af konungi og með 5000 kr. í árslaun
- “Hannes Hafstein: „Þetta frumvarp má skoða sem nokkurs konar mælikvarða á framtíð þessa lands og viljann til að leggja nokkuð á sig fyrir þá, sem lifa eiga á ókomnum tímum. Það er ekki hægt að búast við því, að það fyrirtæki, sem hjer um ræðir gefi af sér neinn arð í dag eða á morgun. Hjer er farið fram á, að leggja á sig nokkurn kostnað til þess að gjöra landið betra, vistlegra og fegurra fyrir börn vor og þeirra börn“

# Frumvarpið naumlega samþykkt

- Nefndin andsnúin frumvarpinu og fjárlaganefnd skar útgjöld niður
- Væri fagurt markmið en ráðlegt að veita fé í önnur mikilsverð verkefni
- Hörð gagnrýni frá Stefáni Stefánssyni. Trjáræktarstöðin á Akureyri í miklum blóma – borið fram af útlendingum
- Launin of há – ekki haft samband við sýslurnar um kostnaðarskiptingu í landgræðslunni
- Hannes breytti frumvarpinu á síðustu stundu, lækkaði launin í 3000 kr., felldi kaflann um sandgræðsluna niður og lét nægja almenn ákvæði um varnir gegn uppblæstri landsins
- Frumvarpið naumlega samþykkt – Staðfest af konungi 22. nóvember 1907 með gildistöku frá 1. janúar 1908

# Starfsmenn skógræktarinnar

- Agner F. Kofoed-Hansen ráðinn skógræktarstjóri frá 1. mars 1908
- Ráðherra skyldi skipa skógarverði eftir þörfum
- Verksvið skógarvarða: Þeir voru settir yfir skógræktarjarðir og trjáræktarstöðvar landssjóðs, skyldu annast framkvæmd á skógræktarstörfum þar, og hafa eftirlit með meðferð og rækt skóga, hver á sínu svæði sem honum væri skipað, og í hvívetna aðstoða skógræktarstjóra

# Starfsmenn skógræktarinnar

- Föst skipan var komin á framkvæmd laganna árið 1910
- Landinu var skipt í 6 skógræktarsvæði eða umdæmi
- Skógræktarstjórinn, Kofoed-Hansen, skyldi fyrst um sinn hafa umsjón með Gullbringusýslu og Vestfjörðum
- Sumarliði Halldórsson á Vesturlandi með aðsetur í Borgarnesi
- Stefán Kristjánsson í Þingeyjarsýslu með aðsetur á Vöglum
- Guttormur Pálsson á Austurlandi með aðsetur á Hallormsstað
- Einar E. Sæmundsen á Suðurlandi með aðsetur á Eyrarbakka



# Áherslur Kofoeds

- Áframhaldandi vinna við trjáræktarstöðvarnar með innflutning á plöntum í fyrstu
- Birkið væri aðaltré landsins og á því ætti að byggja
- Friðun skóga skyldi síðan vera meginstefnan
- Kofoed: „Ef skógarleifarnar væru ekki til að byggja á, mætti segja, að það væri enginn vinnandi vegur, því að fyrir flestum mundi áhuginn dofna við það, að verða að horfa í aldarfjórðung á smáa, seinþroska gróðrarreiti. Svo langur tími myndi líða, áður en nokkur verulegur vöxtur yrði kominn í gróðrarreiti með útlendum trjáplöntum, það er að segja í áburðarlausri jörð“
- „...ekki væri of djúpt í árinni tekið, þó fullyrt væri að flestallir runnar myndu fá skógareinkenni á 25 árum væri þessari friðun framfylgt“

# Friðunarlög

- Heimildarlög um friðun skóga og mels – staðfest 13. apríl 1894
- Kofoed samdi að eigin frumkvæði frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs, og friðun lyngs. Lagt fram á þingi 1909
- Hannes Hafstein: Tilgangur væri að koma lögnum frá 1907 í framkvæmd og það væri ekki bara verið að styðja skógræktina heldur væri lögð áhersla á „að vernda landið, banna að rýja það og eyðileggja“
- Skógarhögginu skyldi hagað þannig að gera það gisnara og varast að höggva alveg af heilum svæðum. Enginn mætti rífa upp rætur eða fjalldrapa
- Fénaður skyldi ekki ganga í skóginum frá 1. október til 1. júní og geitum skyldi haldið frá skógum árið um kring
- Átök um afnotarétt jarða

# Friðunarlög

- Niðurstaða um sauðfjárbeit: „Eigendur eða notendur jarða, þar sem skógur er, eða kjarr, skulu kosta kapps, um að beita skóg og kjarrlendi sem minnst, einkum þegar snjór liggur á jörð eða á vorin...“
- Nýmæli í 5. grein: Landsstjórninni væri heimilt að ráði skógræktarstjóra og ef fé væri veitt til þess að taka allt að 3 hektara stórt skógræktarsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar og skyldi svæðið girt
- Á árunum 1910 og 1911 völdu skógarverðirnir og skógræktarstjóri mörg svæði til friðunar um allt land.
- Vesturland: 10 svæði, alls 35 km; Vestfirðir: 12 svæði álíka stórt; Norðurland: 15 svæði – 40 km; Austurland: 30 svæði - 50 km; Suðurland: 11 svæði – 35 km; á áætlun var að friða alls 82 svæði með heildarummáli um 200 km
- Víðtæk friðun án girðinga ekki möguleg. „Það er búféð, en alls ekki stormasamt og harðneskjulegt veður sem varnar kjarrinu að þroskast og verða að skógi“

# Þrengt að skógræktinni

- Frumvarp til laga um skógrækt lagt fram á þingi 1911; flutningsmenn Sigurður Sigurðsson ráðunautur og Ólafur Ásgeirsson
- Tilgangurinn að sameina lögin frá 1907 og 1909 og draga úr kostnaði við umsjón og eftirlit með skógræktinni – sögð geysimikil
- Laun skógræktarstjóra skyldu lækka úr 3000 kr. í 2400 kr. Fækka skógarvörðum í tvo
- Staða fjármála: 7000 kr. fóru í laun og ferðakostnað skógræktarstjóra og skógarvarða – aðeins 3500 kr. eftir til framkvæmda

# Þrengt að skógræktinni

- Lagt til að stækka friðunarsvæðin úr 3 hekturum í 25 hektara
- Ekki heppilegt að skógræktarstjórinn væri með sandgræðsluna
- Bjarni frá Voggi lagði til að frumvarpið yrði fellt: „þar sem einu breytingarnar væru þær að hægt væri að segja skógræktarstjóranum upp með eins og hálfis árs fyrirvara, lækkuð laun hans og fækka skógarvörðum...“
- Samþykkt í neðri deild en dagaði uppi í efri deild
- Fjárlög: Framlög til skógræktar lækkuð úr 10.500 kr. í 8000 kr.

# Ákall um fjárframlög

- Skógræktarstjóri skrifaði árið 1913 þrjár greinar í Ísafold um að meiri fjárframlaga væri þörf í skógræktinni – sagði hlægilega litlu eytt til skógræktar
- „Þeir sem vilja gera skógræktarmálinu mein, eiga hægt með að finna stuðning hjá mörgum, því margt er til, sem getur gert það mál illa þokkað. Það var útlendur maður, sem fyrst stakk upp á að hefja það, og nú er því stjórnað af útlendingi... Já, ef vér viljum virða að vettugi skógana sem til eru, og að eins gæta að þeim, sem ef til vill einhvern tíma geta myndast af aðfluttum plöntum, þá verðum við lengi að bíða. Hinar áminnstu gróðrarstöðvar eru að eins tilraunablettir skógræktarinnar, en hin víðlendu kjarrsvæðin eru aðalarnir hennar, og í þeim er nóg efni til að byrja skógrækt, hvenær sem er, með því að höggva á réttan hátt og að friða“

# Ákall um fjárframlög

- Guðmundur Bárðarson jarðfræðingur gagnrýndi þá bjartsýni sem ríkti um framtíð skógræktar í landinu. Grein eftir hann í Frey dreift á Alþingi
- Til að girða skógana væri algerlega ónauðsynlegt að reka stórt skógræktarbákn, enda hefði útlendingurinn sem væri fyrir bákninu víst „brent sig á að fylgja útlendri reynslu og útlendri venju hugsunarlaust“
- Framlög til skógræktar hækkuðu úr 8000 kr. í 14.500 kr. fyrir árið 1914 og í 10.000 kr. fyrir 1915; Vatnaskógur keyptur árið 1914

# Breytingar á embættinu

- Hannes Hafstein mælti fyrir stjórnarfrumvarpi til laga um sandgræðslu árið 1914. Frumvarpið var samið af skógræktarstjóra
- Tilgangur að koma málum í fastar skorður í ljósi reynslunnar. Tengdist afnotarétti lands, framkvæmd og kostnaðarskiptingu
- Sett í nefnd að uppástungu Sigurðar Sigurðssonar ráðunauts. Nefndin lagði til að fela ætti Búnaðarfélaginu umsjón með sandgræðslunni
- Í stað „skógræktarstjóri“ í frumvarpinu var sett „Búnaðarfélag Íslands“



# Breytingar á embættinu

- Nefndarálitið: „Það er að vísu svo, að líta mætti á það, að skógræktarstjórinn muni hafa lítið starf við umsjón skógræktarmála eingöngu, ef umsjón sandgræðslunnar yrði falið Búnaðarfjelagi Íslands, og vill nefndin ekki neita því, að svo er, enda vill hún láta þess afdráttarlaust getið, hvað fyrir henni vakir, og vill hún ákveðið beina því til stjórnarinnar, að hún taki til athugunar fyrir næsta þing, hvort eigi væri til tækilegt að fela Búnaðarfjelaginu einnig umsjón skógræktarmála“
- Hannes Hafstein sagðist ekki skilja hvernig þingið gæti lagt „prívat“ félagi þessar skyldur á herðar. Síðan sagði hann: „Jafnvel þótt félagið vildi taka þetta mál og skógræktina að sér, þá geti komið á daginn, að það væri félaginu ofvaxið, að sjá um forsvaranlega framkvæmd þessa mikilsverða framtíðarmáls, og jafnvel hætta á, að skógrækt og sandgræðsla væri um of látin lúta í lægra haldi fyrir öðrum störfum félagsins“
- Samþykkt í neðri deild með 19 atkvæðum – aðeins Hannes Hafstein var á móti

# Lítill áhugi hjá fjárveitingavaldinu

- Nýtt frumvarp um skógrækt árið 1919. Auknar heimildir til að innleysa land. Hér hafði Kofoed einkum Þórsmörk og Bæjarstaðaskóg í huga
- Skipun skógarhöggsmanna í hverju héraði
- Engar undirtekir
- Fjárhagsáætlunin fyrir árið 1919 var um 30 þúsund kr. Stjórnin lækkaði það um helming – m.t.t. verðbólgu stríðsáranna var heildarupphæðin því um 6000 kr. Framlög til annarra mála hækkuð í samræmi við verðbólgu

# Lítill áhugi hjá fjárveitingavaldinu

- „Ef nú svo sé, að skógræktarmálið sé svo ástsælt mál og það er metnaður þjóðarinnar, að stjórn þess sé alíslensk, því algerlega sleppt, hvort menn álíta, að núverandi stjórn þess er ódugleg eða dugleg, þá má furðulegt heita, að hvorki stjórn né þing hefir ekki fyrir löngu séð um að senda mann utan til þess að taka fullkomið próf í skógrækt, annað hvort í Svíþjóð eða Danmörku, starfa þar fáein ár eftir að hafa lokið prófinu, og síðan taka við skógræktarstöðunni hér. Heldur hefur það verið svo að menn sýndu skógræktarmálinu vanvirðingu, því það hefur verið reynt að sölsa það mál undir Búnaðarfélag Íslands“
- Kofoed gat fengið stöðu erlendis árið 1914 – ráðherra sagði óhætt fyrir hann að vera – var með sömu laun árið 1919 – fékk ekki verðbólguálagið

# Aðfarir að embættinu

- Landbúnaðarnefnd lagði fram þingsályktunartillögu árið 1919 þar sem skorað er á stjórnina að láta rannsaka framkvæmd í skógræktarmálum undanfarin 5-10 ár. Framsögumaður: Sigurður Sigurðsson
- Bjarni Jónsson frá Vogu sagði í umræðunni að hátt væri reitt til höggs við eina erlenda skógarhríslu sem ætti sér engan verjanda né griðastað
- Benedikt Sveinsson: „Menn hafa í raun aldrei verið hrifnir af þessari ráðstöfun sem gerð var á fyrsta farrými „Botníu“ 1906, enda er það rétt sem hv. flm. (SS) segir að árangurinn hafi enginn orðið“
- Dagskráartillaga samþykkt um að nægjanlegt eftirlit væri og næsta mál tekið fyrir

# Aðfarir að embættinu

- Jónas Jónsson lagði fram frumvarp árið 1924 þar sem lagt var til að embættið yrði lagt niður ásamt nokkrum öðrum embættum
- Rétt væri að fela Búnaðarfélaginu forstöðu skógræktarinnar. Embættið væri vel komið í höndum búnaðarmálastjóra, Sigurðar Sigurðssonar, sem kom að skógræktartilraunum á Akureyri 1899 og höfðu heppnast vel
- Frumvarpið var fellt

# Ný lög um skógrækt

- Hálendisskógar og beitiskógar (láglandisskógar) - Vatnaskógur
- Nýtt frumvarp um skógrækt lagt fram 1928; samið að frumkvæði Kofoeds
- Felld niður heimild landstjórnar að taka mætti land úr jörðum einstakra manna til friðunar
- Heimilt að veita styrk til eiganda skóglendis til að girða landspildur og landspildur fyrir nýjan skógargróður
- Beit leyfð í skógum
- Frumvarpið að lögum 13. maí 1928
- Sáðreitir

# Starfslok Kofoed-Hansens

- Hákon Bjarnason, nám í Kaupmannahöfn 1926-1932 – naut styrks frá Alþingi
- Starfsmaður nýstofnaðs Skógræktarfélags Íslands
- Bréf frá landbúnaðarnefnd neðri deildar til atvinnumálaráðherra í lok árs 1933 þar sem farið er fram á að Hákon verði gerður að skógræktarstjóra.
- Í bréfinu: „Þetta hefur leitt til þess, að minna fje hefur verið veitt til þessarar starfsemi heldur en rjettlátt var, miðað við aðrar greinar, er lúta að rækt landsins, en ella hefði orðið. Afleiðingin hefur aftur orðið sú, að fje það, sem lagt hefur verið fram til skógræktarinnar, hefur komið skógræktinni að mjög litlu liði, þar sem mikill hluti fjárens hefur farið til launa starfskrafta, sem ekki hafa notið sín, meðfram vegna þess, að fje hefur vantað til nauðsynlegra framkvæmda. Þannig hafa ýms mannvirki skógræktarinnar drafnað niður smátt og smátt vegna fjárskorts og eftirlitsleysis“
- Kofoed lét af störfum fyrir árslok 1934, þá 65 ára að aldri með 3000 kr. í eftirlaun – þau sömu og hann hafði verið ráðinn á árið 1907
- Við starfslok Kofoeds var búið að girða um 5800 hektara lands með um 1700 hektara af skóglendi